



Það er stefna Gallon ehf að fylgja þeim lögum og reglugerðum sem gilda um starfsemi félagsins. Markmið félagsins er að vera til fyrirmyndar í öllum þáttum rekstrar, hvort sem litið er til hagkvæmni, jafnréttis, gæða, umhverfis, öryggis og heilsu.

Öryggisstefna

Það er markmið félagsins að allir starfsmenn snúi heilir heim frá vinnu. Gallon keppir að því að sífellt sé verið að bæta verklag og starfsumhverfi, með það að leiðarljósi að félagið verði öruggur og slysalaus vinnustaður.

Umhverfisstefna

Gallon vinnur stöðugt að því að draga úr umhverfisárhifum sem rekstur félagsins kann að hafa í för með sér. Góð umgengni um náttúruaðlindir, lífríki og gróður eru í fyrirrúmi. Gallon fylgist vel með þróun og nýjungum í umhverfismálum og leggur áherslu á góðar mengunarvarnir.

Jafnréttisstefna

Jafnrétti, þar sem hæfni og frammistaða ræður för, er órofa hluti af menningu fyrirtækisins. Mismunur er ekki liðin. Starfsmönnum á að greiða jöfn laun fyrir sömu störf og jafnverðmæt störf. Einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundin eða kynferðisleg áreitni verður ekki liðin. Hjá félaginu er í gildi viðbragðsáætlun komi til slíkra kringumstæðna.

Starfsmannastefna

Mannauðurinn er mikilvægasta auðlind félagsins. Við berum hag starfsmanna fyrir brjósti og viljum vera í fremstu röð hvað varðar réttindi þeirra, öryggi og starfsumhverfi. Gallon leggur áherslu á gott starfsumhverfi, fræðslu og þjálfun á skipulagðan hátt. Gallon hvetur starfsfólk sitt til heilsusamlegs lífarnis, jafnt líkamlegs sem andlegs.

Gallon mun framfylgja ofangreindum þáttum með því að kanna með skipulögðum hætti ástand gæða-, öryggis-, umhverfis-, jafnréttis-, og mannauðsmála innan fyrirtækisins.

Gallon mun viðhalda þeim vinnubrögðum og verklagsreglum sem stjórnunarkerfi fyrirtækisins krefst í samræmi við ISO 9001 gæðastjórnunarstaðalinn.

Gallon mun vinna að stöðugum umbótum, vera með virka upplýsingagjöf til hagsmunaaðila og uppfylla kröfur yfirvalda, alþjóðlegra olíufyrirtækja, viðskiptavina og annarra aðila félagsins.

Stefna þessi er rýnd árlega og samþykkt af framkvæmdastjóra Gallon ehf.